

Fundur í Skólaráði Stöðvarfjarðarskóla 12. desember 2016

Fundarmenn: Jónas skólastjóri, Solveig fulltrúi kennara og ritari fundargerðar, Kristín Ilmur og Máni fulltrúar nemenda, Eva María fulltrúi starfsmanna og leikskólaforeldra, Sólrún fulltrúi kennara, Hanna Björk og Rósmary fulltrúar foreldra og Guðný fulltrúi grenndarsamfélagsins.

1. Breytingar á skóladagatali

Á skóladagatali fyrir skólaárið 2016-2017 er gert ráð fyrir starfsdögum og vetrarfríi 24.-27. janúar vegna ferðar starfsmanna skólans á Bett ráðstefnuna í Englandi. Lagt er fyrir Skólaráð að fá að færa starfsdaginn 24. janúar yfir á mánudaginn 30. janúar. Kennt verður þriðjudaginn 24. og svo fer starfsfólk af stað suður. Tillagan var samþykkt.

2. Breytingar á dagatali leikskóla

Starfsdagar sem eru á skóladagatalinu fyrir leikskólann (tveir í október sem ekki voru teknir og einn í mars) verði færðir yfir í janúar og leikskólinn verði lokaður sömu daga og grunnskólavetrarfríið verður í janúar. Fjórði dagurinn verði jafnvel tekinn af skóladagatali næsta árs. Starfsfólk leikskólans ætlar líka að fara á Bett ráðstefnuna. Tillagan var samþykkt.

3. Fjárhagsáætlun

Staðan í skólanum er mjög góð og vel að skólanum búið tækjalega séð. Fjárhagsáætlun næsta árs hjá grunn og leikskóla verður eitthvað skorin niður næsta skólaár og með fækkun nemenda skerðist fjármagn til skólans. Ef aðstæður breytast ekki verður sami nemendafjöldi í grunnskólanum næsta vetur.

4. Önnur mál

Erfiðlega gekk að ná saman öllum hópnum því fólk er í ýmsum störfum og jafnvel í nefndum og ráðum fyrir sveitarfélagið og þarf oft að fara af svæðinu.

Enginn fulltrúi er frá okkur í Ungmenntaráði Fjarðabyggðar í vetur og fæð nemenda hamlar oft þátttöku í ýmsum verkefnum. Yfirleitt er skilningur á því innan Fjarðabyggðar.

Fyrirspurn kom hvort komin væri inn umsókn um 50% starf skólaliða eftir áramót. Ein umsókn er komin á borð Jónasar.

Fræðslu og frístundanefnd leggur til að farið sé eftir sameiginlegum matseðli í Fjarðabyggð. Maturinn er boðinn út í vor og stefnt að því frá fræðslu og frístundaráði að maturinn fyrir hvern skóla sé eldaður á hverjum stað. Í ljós kemur með vorinu hvernig þetta verður.

Fleira ekki tekið fyrir.

Starfs- og skipulagsdagar voru skv. útgefnu skóladagatali

27.10.2016

28.10.2016

10.03.2017

án dagsetn.

Eftir breytingar verða þessir dagar færðir yfir í janúar 2017 (sjá mynd).

23	M	
24	Þ	
25	M	Starfsdagur
26	F	Starfsdagur
27	F	Starfsdagur
28	L	
29	S	
30	M	Starfsdagur
31	Þ	